

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 31. október 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit málinu nr. M-69/2008.

Hinn 10. október sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna reikninga fyrirtækisins Y. Reikningar frá fyrirtækinu nema kr. 4.645.130. Álitsbeiðandi segir reikningana allt of háa miðað við það sem hann hafi samið við fyrirtækið um verkið sem það hafi tekið að sér að vinna en það var endurbætur á húsi hans. Kveðst hann hafa samið um að verkið kostaði ekki meira en kr. 2-3.000.000.

Af gögnum málsins sést að samningar aðila hafa verið lausir í reipunum og m.a. vegna þess eru álitafni nokkuð mörg um það hver réttur hvors aðila er í viðskiptum þeirra. Telur álitsbeiðandi að fyrirtækið hafi við framkvæmd verksins brotið gegn ákvæðum þjónustukaupalaga nr. 42/2000 í nokkrum greinum. Kæruneftndin telur augljóst að til þess að viðunandi niðurstaða næðist í deilu aðila væri nauðsynlegt að þeir og jafnvel einstakir starfsmenn Y gæfu munnlegar skýrslur og vel er hugsanlegt að mat dómkvaddra matsmanna þyrfti til að koma. Það er því niðurstaða kæruneftndarinnar að bæði sé ágreiningur aðila þess eðlis og ekki studdur þeim gögnum að tækt sé fyrir nefndina að taka efnislega afstöðu til hans með álitsgerð.

Kæruneftndin vísar því álitsbeiðninni frá sé með heimild í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir